

Svar við skriflegri fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarráði 12.2.2015.

## **1502220 - Breytingar í rekstri fyrirtækja og stofnana Hafnarfjarðarbæjar, fyrirspurn**

*Lögð fram skrifleg fyrirspurn bæjarráðsfulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna.*

*Fulltrúar Samfylkingar og VG leggja fram eftirfarandi skriflega fyrirspurn um breytingar í rekstri fyrirtækja og stofnana Hafnarfjarðarbæjar.*

*Hafa á undanförunum vikum eða mánuðum verið gerðar einhverjar breytingar á t.d. starfskjörum einstakra hópa starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, almennar breytingar á fyrirkomulagi vinnutíma (s.s.vaktafyrirkomulagi) í stofnunum sem tilheyra sveitarfélaginu, á framkvæmd innkaupa eða öðru sem telja má til almennra breytinga á verklagi og/eða daglegri framkvæmd í rekstri og stjórnun sveitarfélagsins?*

*Ef já, hverjar hafa þær verið, á grundvelli hvaða ákvarðana bæjarstjórnar/bæjarráðs hefur verið ráðist í þær og hvenær og hvernig hefur bæjarstjóri sinnt upplýsingaskyldu sinni um framkvæmd þeirra gagnvart bæjarstjórn eða eftir atvikum bæjarráði?*

*Óskað er skriflegs svars á næsta fundi bæjarráðs.*

### **Breytingar sem snúa að verklagi varðandi bókhald o.fl. v. Hafnarfjarðarhafnar:**

Frá áramótum hafa eftirfarandi breytingar orðið í samræmi við ákvörðun stjórnar hafnarinnar:

- Tekið upp nýtt launakerfi (H3), tímaskráningakerfi (Vinnustund) og bókhaldskerfið Navision og samræmt kerfum bæjarins.
- Bókhaldsdeild bæjarskrifstofu sér um móttöku og skráningu reikninga er berast höfninni og fjárreiðan um innheimtu og greiðslu reikninga. Uppgjör eru unnin á bæjarskrifstofu.
- Hafnarkerfi Navision tekið upp. Hafnsögumenn sjá áfram um að skrá reikninga í því og senda út en fjárreiðudeildin mun senda greiðsluseðla í banka.

*Ofangreint var samþykkt í hafnarstjórn 9.12.2014 og var fundargerð vegna þessa lögð fram í bæjarstjórn 21.1.2015.*

### **Breytingar sem snúa að vinnutíma og/eða fyrirkomulagi vegna starfsmanna sem gerðar hafa verið frá því í haust:**

- 31 okt. 2014 var sagt var upp vinnufyrirkomulagi starfsmanna í íþróttahúsum Setbergsskóla, Hraunvallaskóla og Víðistaðaskóla þar sem vinnutími starfsmanna samrýmdist ekki lengur þeim tíma sem ÍTH leigir út húsin. Ekki var lengur nein starfsemi í húsunum á sunnudögum og einnig hafði opnun á kvöldin á virkum dögum verið stytta. Breytingar verða á launum starfsmann en þær felast aðalega í fækkun á vaktarálagstímum
- Í ljós kom í haust að greiðslur fyrir reglulega starfsmannafundi á nokkrum búsetukjörnum fyrir fatlað fólk höfðu ekki verið rétt framkvæmdar. Greitt var fyrir vaktir vegna starfsmannafunda þegar greiða hefði átt yfirvinnutíma. Vinna við leiðréttingu er hafin. Þá kom í ljós að „tímabanki“ nokkurra starfsmanna í einum búsetukjarna hafði farið yfir leyfileg mörk og hefur verið tekið á því. Loks er hafin er vinna við að breyta og lagfæra á vaktafyrirkomulag í búsetukjörnunum sem felst meðal annars í sé að setja upp vaktarúllur og stefnt er að því að innleiða svokallað vaktóskakerfi.
- Vinnutími starfsmanna í grunnskólum annara en kennara. Við innleiðingu á tímaskráningakefinu Vinnustund í grunnskólum kom í ljós að í einhverjum tilvikum var vinnutími starfsmanna ekki skipulagður í samræmi við kjarasamning þeirra. Gerðar voru breytingar á vinnutilhögun starfsmanna í nokkurum skólum. Þessar breytingar hafa ekki haft áhrif á laun viðkomandi starfsmanna en hafa lengt viðverutíma þeirra.

*Ofangreindar breytingar eru í samræmi við kjarasamninga.*

Svar við skriflegri fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarráði 12.2.2015.

### **Breytingar sem snúa að framkvæmd og verklagi varðandi innkaup:**

Í desember sl. tók bæjarstjóri ákvörðun um að fækka verulega kreditkortum hjá Hafnarfjarðarbæ og var Karen H. Gunnarsdóttur deildarsjóra bókhalds og Guðmundi Ragnari Ólafssyni innkaupastjóra falið að vinna það verkefni. Unnið hefur verið út frá því að samræma verkferla við innkaup og meðferð reikninga til samræmis við samþykktar innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar.

Forstöðumönnum stofnana voru kynntar þessar breytingar í desembermánuði ásamt því að öllum sviðsstjórum, bæjarstjóra og fjármálastjóra hefur verið haldið upplýstum um framvindu verkefnisins frá byrjun.

Staðan nú:

- Endanleg niðurstaða um hvernig þessum málum verður háttað liggur ekki fyrir en nú er eitt kreditkort er opið fyrir hvert svið, ákveðið í samráði við sviðsstóra, einkum vegna netviðskipta sem eiga sér stað í nafni sveitarfélagsins.
- Með breyttu innkaupaferli hafa þeir aðilar verið skilgreindir sem hafa heimild til innkaupa fyrir sveitarfélagið með útgáfu auðkenniskorta (fyllt er út umsókn sem samþykkt er af forstöðumanni, sviðsstóra og bæjarstóra). Auk þess ber umsækjendum að staðfesta á umsókninni að þeir hafi kynnt sér innkaupareglur sveitarfélagsins.
- Búið er að senda út bréf til stærstu birgja bæjarins þar sem þeim eru kynntar breytingarnar og hafa viðbrögð þeirra verið mjög góð.
- Í heildina gengur verkefnið vel, ekki hefur orðið vart við teljandi vandamál þó vissulega hafi umsjónarmenn fengið fyrirspurnir sem fundnar hafa verið lausnir á.

*Endurskoðendur hafa gert athugasemdir við fjölda kreditkorta (innkaupakorta) og samþykktarferli tengdu þeim. Ákvörðun um ofangreint er tekin í samræmi við innkaupareglur frá 13.03.2013.*